

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Forsíða Fréttabréfsins er að þessu sinni af starfsmönnum Bílaleigu Húsavíkur sem ávalt eru hressir og kátir. Þeir eru Jónas Kristjánsson, Guðlaugur Árnason, Magnús Hermannsson og Þórgímur Ólafsson.

Heimasíða stéttarfélaganna www.vh.is sefur aldrei, alltaf ferskar og nýjar fréttir af starfsemi stéttarfélaganna.

Góðar gjafir á aðventu



Soffía og Friðfinnur taka við gjöfum stéttarfélaganna sem Aðalsteinn Á. Baldursson afhenti fyrir hönd stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum.

Soffía Anna Steinarsdóttir forstöðumaður Hvamms og Friðfinnur Hermannsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunnar Þingeyinga tóku við gjöfum frá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum í jólaboði stéttarfélaganna í desember. Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur afhenti þeim gjafirnar. Hvammur, heimili

aldraðra fékk 650 þúsund til kaupa á nýju baðkari fyrir heimilismenn og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga fékk 150 þúsund til kaupa á sjúkrarúmi. Bæði Friðfinnur og Soffía lýstu yfir ánægju sinni með gjafirnar og þökkðu stéttarfélagunum fyrir þann hlýhug sem sýndur væri með þessum gjöfum.



Sumir stefna hátt. Hér er Ingvar Erlingsson starfsmaður Öryggis á Húsavík að laga ljós á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Breytingar á framlögum í lífeyrissjóð

Í samræmi við breytingar á kjarasamningnum um áramót, verða nokkrar breytingar á framlögum starfsmanna og mótframlögum launagreiðenda í tryggingar- og séreignadeildir lífeyrissjóðanna.

Á almennum vinnumarkaði, t.d. hjá verslunarmönnum, iðnaðarmönnum, sjómönnum og almennu verkafólki, hækka mótframlag launagreiðenda í tryggingardeild lífeyrissjóðsins (t.d. Lsj. Norðurlands) í 7% af öllum launum. Þetta mótframlag var áður 6%.

1% mótframlag launagreiðenda vegna starfsmanna sem ekki hafa gert samning um séreignasparnaðarreikning, fellur niður. Áfram munu launagreiðendur greiða 2% mótframlag af öllum launum gegn 2-4% framlagi starfsmanns í séreignasjóð, enda hafi hann gert samning við séreigna-

deild lífeyrissjóðs um séreignasparnað. Þetta hefur verið í gildi á almennum markaði og hjá ríkinu um nokkurt skeið en kom inn hjá sjómönnum 1. nóvember 2004, þar sem áður var miðað við tryggingu. (Þessi sparnaður er ekki í boði hjá starfsmönnum sveitarfélaganna).

Hjá starfsmönnum sveitarfélaganna og stofnanna þeirra (kjarasamningur Vlf. Húsavíkur, Vlf. Öxarfjarðar og Vlf. Þórshafnar) breytist bæði framlag starfsmanns og mótframlag launagreiðenda. Framlag starfsmanns verður 5% (var áður 6%) og mótframlag sveitarfélaganna verður 10,5% (var áður 9%).

Hjá ríkinu og stofnunum þess (kjarasamningur Vlf. Húsavíkur, Vlf. Öxarfjarðar og Vlf. Þórshafnar) breytist mótframlag launagreiðenda í 9% (var áður 6%).



Hulda og Sigrún frá Mími og Guðrún Kristín starfsmaður Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga hafa komið að því að skipuleggja námsleið í ferðabjónustu. Fræðslumiðstöð Þingeyinga mun halda utan um námsleiðir samkvæmt samningi þess efnis við aðstandendur námsleiðarinnar.



Fulltrúar frá ferðabjónustuaðilum á Húsavík og nágrenni, Verkalýðsfélag Húsavíkur og Mími-símenntun hafa undanfarið unnið að því að skipuleggja 300 stunda nám fyrir starfsfólk í ferðabjónustu. Hugmyndin er að námið hefjist um næstu helgi. Námsleiðin er auglýst í fréttabréfinu.



Svava Árnadóttir sem hér sést tala við starfsmann GPG á Raufarhöfn er á tillögu kjörnefndar sem auglýst er í blaðinu. Gerð er tillaga um Svövu í Stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur. Þá er gerð tillaga um Eyrúnu Guðmundsdóttur frá Raufarhöfn í varastjórn félagsins.



Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur heimsótti starfsmenn Laugafisks fyrir áramót og færði þeim dagatöl og minnisbækur. Létt var yfir starfsmönnum enda stutt í jólafrí. Jöfn og góð atvinna hefur verið hjá fyrirtækinu á árinu sem er að líða.



Húsvörðurinn í Breiðumýri og höfðinginn sjálfur, Ingólfur Ingólfsson, þarf daglega að sinna margvíslegum störfum sem húsvörður. Hér er hann að laga kaffi fyrir fund starfsmanna Þingeyjarsveitar með formanni Verkalýðsfélags Húsavíkur sem haldinn var nýlega um kjaramál og nýtt starfsmat.

Landsmennt veitir styrki til tómstundanámskeiða

Stjórn Landsmenntar samþykkti á stjórnarfund 12. janúar sl. að sjóðurinn myndi f.o.m. 1. janúar 2005 styrkja tómstundanámskeið. Eftirfarandi regla var samþykkt í þessu sambandi:

“Landsmennt veitir einstaklingsstyrki vegna tómstundanámskeiða og verður endurgreiðsla vegna þeirra 50% af kostnaði en aldrei hærra en kr. 12.000.- á ári og dregst jafnframt af heildarupphæð einstaklingsstyrks sem er í dag kr. 35.000.-”

Hafa ber í huga þrátt fyrir þetta

að í sumum tilvikum geta tómstundanámskeið talist starfstengd eins og t.d. þá eru ýmis handavinnunámskeið starfstengd fyrir þá félagsmenn sem starfa á Dvalarheimilum aldraðra og sinna þar leiðbeiningum í handavinnu. Í þeim tilvikum sem tómstundanámskeið geta talist starfstengd þá er styrkur afgreiddur skv. almennu reglunni þ.e. 75% af kostnaði þó aldrei hærra en kr. 35.000.-

Félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur, Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar og Verkalýðsfélagi Þórs hafnar eiga aðild að styrkjum frá Landsmennt.

Dyravarðanámskeið
Verkalýðsfélag Húsavíkur og lögreglan á Húsavík eru með til skoðunar að halda dyravarðanámskeið í febrúar verði næg þátttaka. Hægt er að skrá sig á námskeiðið á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík, þar er einnig hægt að fá frekari upplýsingar.

Fjölmarginir fundir með starfsmönnum sveitarfélaga



Fulltrúar Verkalýðsfélags Húsavíkur hafa fundað víða með starfsmönnum sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum. Hér eru þrír af starfsmönnum Þingeyjarsveitar að velja fyrir sér nýju starfsmati.

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur fundað mjög stíft með starfsmönnum sveitarfélaga á síðustu vikum. Ástæðan fyrir því er að samningar starfsmanna sveitarfélaga eru lausir í apríl og þá var nýlega gengið frá starfsmati sem ganga þarf frá við sveitarfélögin á svæðinu. Síðasti fundurinn í þessari fundaherferð var í Mývatnssveit síðasta mánudag. Alls hafa verið haldnir fimmtán fundir með starfsmönnum sveitarfélaga í Þing-

eyjarsýslum sem eru tíu. Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur ákveðið að veita Starfsgreinasambandi Íslands samningsumboð félagsins í komandi kjaraviðræðum við Launaneftnd sveitarfélaga með því skilyrði að félagið fái aðild að samninganefnd Starfsgreinasambandsins. Þá hefur félagið gengið frá kröfugerð f.h. félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögum.

Ungt fólk og Verko

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur mikinn áhuga á að auka vægi ungs fólks í starfsemi félagsins, það er í stjórnnum, nefndum og ráðum. Um er að ræða mjög gefandi og

skemmtileg störf. Áhugasömum er bent á að hafa samband við formann félagsins, Aðalstein Á. Baldursson.



Þorvaldur Þór Árnason framkvæmdastjóri Bílaleigu Húsavíkur sá ástæðu til að brosa sínu fallega brosi þegar ljósmyndari Fréttabréfsins tók þessa mynd. Bílaleiga Húsavíkur er öflugt fyrirtæki með góða fagmenn sem gott er að leita til.



Orlofsnefnd stéttarfélaganna hefur undanfarið unnið að því að taka á leigu orlofshús víðs vegar um land til að bjóða félagsmönnum upp á í sumar. Þá hafa félögin tekið á leigu tvær íbúðir á Spáni í sumar til handa áhugasömum félagsmönnum sem nánar er sagt frá í Fréttabréfinu. Á myndinni er orlofsnefnd að störfum, það er Stefán Stefánsson frá STH, Örn Jónsson frá VH og Ágúst Óskarsson frá Verslunarmannafélaginu. Þá voru Olga Gísladóttir frá Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar og Kristín Kristjánsdóttir frá Verkalýðsfélagi Þórshafnar í símasambandi.



Góð sala var á íbúðarhúsnæði á síðasta ári. Um 70 íbúðir gengu kaupum og sölum á Húsavík á árinu 2004. Þá breytti Trésmiðjan Norðurvík sínu atvinnuhúsnæði í fimm íbúðir um leið og fyrirtækið flutti starfsemina í annað húsnæði. Þrjár af þeim voru afhentar nýjum eigendum í desember 2004. Hinar tvær íbúðirnar sem eru um 80m² hafa verið auglýstar til sölu. Þær verða tilbúnar í febrúar næstkomandi. Að sögn Norðurvíkurmanna hefur töluvert verið spurð fyrir um þær.

Auglýsing um stjórnarkjör fyrir starfsárið 2005 til 2006 og framboðsfrest hjá Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar.

Stjórn

Olga Gísladóttir formaður
Guðmundur Baldursson varaformaður
Ragnhildur Jónsdóttir gjaldkeri
Freyja Ingólfssdóttir ritari
Kristjana E Helgadóttir meðstjórnandi

Varastjórn

Guðlaug A Ívarsdóttir
Gunnar Sigurðsson

Trúnaðarmannaráð

Brynjar Halldórsson
Andrés J Ólafsson
Róbert Boulter
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir

Stjórn sjúkrasjóðs

Olga Gísladóttir
Ragnhildur Jónsdóttir
Freyja Ingólfssdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Skúli Þ. Jónsson
Rúnar Þórarinnsson

Orlofsnefnd

Olga Gísladóttir
Guðmundur Baldursson
Ragnhildur Jónsdóttir
Til vara
Freyja Ingólfssdóttir
Kristjana E Helgadóttir

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingatillögum um félagi á einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan félagi í trúnaðarstöður fyrir næsta starfsár. Breytingatillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 10 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 15 fullgildra félagsmanna. Skyld er að koma breytingartillögum til skrifstofu félagsins Garðarsbraut 26, Húsavík fyrir 15. febrúar 2005. Kosningar fara fram í samræmi við reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Kópaskeri 20. janúar 2005

**Stjórn og trúnaðarmannaráð
Verkalýðsfélags Öxarfjarðar**

Félagsmenn á Raufarhöfn

Félagsmenn á Raufarhöfn geta keypt miða í Hvalafjarðargöngin hjá Svövu Árnadóttur á Raufarhöfn. Þeir eru einnig til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Miðaverðið er kr. 700,-



Það er alltaf ánægjulegt að fá nemendur Framhaldsskólans á Húsavík í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna. Á síðustu vikum hafa komið tveir hópar nemenda til að fræðast um starfsemi stéttarfélaganna og önnur mál s.s. atvinnu- og byggðamál. Á myndinni eru nemendur sem eru á almennri starfsmenntabraut ásamt kennara, Ingólfi Freyssyni.

Frábær þátttaka í jólaboði stéttarfélaganna

Að venju var frábær þátttaka í jólaboði stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Fjöldi fólks eða tæplega 500 kom við og þáði veitingar í boði félaganna. Stéttarfélagin þakka Þingeyingum og gestum þeirra fyrir komuna. Þá er einnig ástæða til að þakka Tónlistarskólanum á Húsavík fyrir frábæra skemmtun en börn og unglingar úr skólanum sáu um að skemmta gestum með söng og ljúfri tónlist. Hér eru nokkrar myndir frá jólaboði stéttarfélaganna.



10 milljónir til félagsmanna á árinu

Samkvæmt bráðabirgða-uppgjöri greiddi Verkalyðsfélag Húsavíkur félagsmönnum 10. milljónir í styrki á síðasta ári. Helstu styrkir eru sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanna, fæðingarstyrkir, útfararstyrkir, styrkir vegna langvarandi veikinda barna og maka félagsmanna, styrkir

vegna sjúkrabjálfunar og sjúkrannuðs. Á þessu má sjá að það er góð trygging að vera félagsmaður í Verkalyðsfélagi Húsavíkur, ekki síst í veikindum. Þá má geta þess að félagið hefur veitt félagsmönnum betri rétt úr sjúkrasjóði en almennt gerist meðal stéttarféлага innan Starfsgræinasambands Íslands.



Hér má sjá starfsmenn á skrifstofu Þingeyjarsveitar að störfum. Þau eru Kristján Jóhannsson, Margrét Snorradóttir og Emillía Höskuldsdóttir.

Guðrún Kristín vann jólaleikinn

Góð þátttaka var í jólaleik Heimasíðu stéttarfélaganna í desember. Eftirtaldir hlutu veglega vinnings:

1. verðlaun Hreindýralæri frá Viðbót.
- Guðrún K. Jóhannsdóttir.
2. verðlaun. Flísteppi og bolur. Árni Garðar Helgason.
3. verðlaun. Flísteppi og bolur. Úlfhildur Sigurðardóttir.

4. verðlaun. Konfekt og bolur. Agnes Einaradóttir.
5. verðlaun. Konfekt. Sunna Mjöll Bjarnadóttir.
6. verðlaun. Geislaliskur. Jón Óskar Ágústsson
7. verðlaun. Geislaliskur. Bóas Gunnarsson

Stéttarfélagin óska vinningshöfum til hamingju með verðlaunin.

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis Þórshöfn • Kópaskeri • Bakkafirði

Lífsvæl Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins

1. Verðtryggður sparnaður
2. Skuldabréfaáhersla
3. Hlutabréfaáhersla
4. Blanda af 1-3



SPARISJÓÐUR
ÞÓRSHAFNAR OG NÁGRENNIS

Félagsmenn fóru 2400 ferðir í Hvalfjarðargöngin

Á síðasta ári keyptu félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum 2400 miða í Hvalfjarðargöngin á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík sem jafngildir 2400 ferðum í gegnum göngin. Hefðu félagsmennirnir keypt miðana fyrir sunnan þegar þeir fóru í gegnum göngin hefðu þeir þurft að greiða 2.4 milljónir eða kr. 1000 fyrir ferðina. Hins vegar greiddu þeir tæplega 1.7 milljónir fyrir miðana á Skrifstofu stéttarfélaganna eða kr. 700 fyrir ferðina. Þannig spöruðu þeir sér 700 þúsund á árinu 2004 með því að vera félagsmenn. Þess má geta

að stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum voru fyrst félaga til að bjóða upp á þessa þjónustu við félagsmenn. Óhætt er að segja að kjarabótin leynist víða því sparnaður félagsmanna á síðustu árum nemur nokkrum milljónum varðandi ferðir í gegnum göngin þar sem aðild að stéttarfélagunum tryggir þeim lægra verð. Ástæðan fyrir því að félagsmenn fá ferðina á 700 krónur er að stéttarfélagin kaupa mikið magn af miðum sem er mun ódýrara heldur en að kaupa einstakar ferðir þegar farið er í gegnum göngin.



Björgunarsveitin Garðar á Húsavík hefur haft í nægu að snúast undanfarnar vikur sem viðkemur aðstoð við bæjarbúa, stofnanir og fyrirtæki. Hér má sjá ofurhugana Hjálmar Boga Hafliðason og Halldór Jón Gíslason losa um klaka á Húsavíkurkirkju sem hættu staðafi af.



Kunnugleg sjón á Húsavík. Ásbjörn Björgvinsson er einn af þeim sem orðið hefur að moka snjó af þökum vegna fannfergis. Hér er hann að moka af þaki Hvalamiðstöðvarinnar. Þess má geta að nú er unnið að því að stækka safnið sem væntanlega verður lokið í vor.



Norður-sigling hefur keypt Bjarnabúð sem stendur við hliðina á Fiskidýsusamlagi Húsavíkur. Húsið var gert upp að utan fyrir nokkrum árum og hefur síðan staðið mannlaut. Norður-sigling ætlar að ráðast í breytingar á húsinu á næstu mánuðum og innrétta nokkrar íbúðir í húsinu. Ljóst er að þetta eru ánægjulegar fréttir þar sem þetta glæsilega hús sem á sér mjög langa og merkilega sögu hefur ekki haft sérstöku hlutverki að gegna síðustu ár. Þar á undan var oft á tíðum líflig starfsemi í húsinu.

Sjómenn samþykktu kjarasamninginn



Tæp 66% félagsmanna í Sjómannadeild Verkalýðsfélags Húsavíkur greiddu atkvæði um kjarasamning samtaka sjómanna og LÍÚ. Hér má sjá þrjá vaska sjómenn greiða atkvæði, Pétur H. Pétursson, Guðmund Aðalsteinsson og Pál Guðmundsson.

Atkvæðagreiðsla um kjarasamning Samtaka sjómanna annars vegar og LÍÚ og Samtaka atvinnulífsins hins vegar frá 30. október 2004 lauk hjá sjómönnum í Verkalýðsfélagi Húsavíkur 30. desember s.l.

Af 93 sjómönnum sem eru í Sjómannadeild félagsins voru 35 á kjörskrá. Af þeim sem voru á kjörskrá greiddu 23 atkvæði eða 65,7% þeirra sem voru á kjörskrá.

Atkvæðin voru ekki talin á Húsavík þar sem talið var upp úr sameiginlegum potti aðildarféлага Sjómannasambands Íslands. Því er ekki vitað hvort húsviskir sjómenn

hafi samþykkt eða felld samninginn.

Atkvæði voru talin sameiginlega hjá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Vestfjarða og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands þann 6. janúar 2005.

Á kjörskrá voru 3.505. Atkvæðu greiddu 1.513 eða 43,2%

Já sögðu 861 eða 56,9%

Nei sögðu 635 eða 42,0%

Auðir og ógildir seðlar voru 17 eða 1,1%

Af gildum atkvæðum sögðu því 57,6% já og 42,4% nei. Samningurinn var því samþykktur með 57,6% gildra atkvæða.



Það voru ekki allir sjómenn ánægðir með nýja kjarasamninginn. Það kom greinilega fram á kynningarfundi sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands héldu í desember á Húsavík.

Atvinnuleysisbætur hækkuðu um 3% þann 1. janúar

Með vísun til 7. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysisstryggingar, og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem gerð var vegna kjarasamninga á almennum markaði frá 7. mars sl.

ákvað félagsmálaráðherra að hækka atvinnuleysisbætur um 3% frá 1. janúar 2005. Hámarksbætur atvinnuleysisstrygginga verða þá 4.219 kr. á dag, það er virka daga.

Fagnámskeið fyrir iðnaðarmenn

Þingið stendur fyrir tveimur námskeiðum fyrir félagsmenn á næstunni. Það eru námskeið í brunapéttingum og innanhússklæðningum. Mikilvægt er að áhugasamir skrái sig sem fyrst á námskeiðin.

Brunapéttingar

Um er að ræða 5 stunda námskeið. Námskeiðið verður haldið á Húsavík föstudaginn 4. febrúar kl. 13:00 til 17:00. Félagsmenn greiða kr. 3.000,- og utanfélagsmenn greiða kr. 11.500,-. Námslýsing: Á námskeiðinu er fjallað um brunapéttingar í mannvirkjum. Hverjar eru kröfurarnar? Kynnt er efni til brunapéttinga. Þetta er réttindanámskeið og lýkur með viðurkenningu frá Brunamálastofnun. Námskeiðið er eingöngu ætlað þeim sem hafa sveinspróf í

löggildri iðngrein. Kennari verður Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur hjá Brunamálastofnun.

Innanhússklæðningar

Um er að ræða 20 stunda námskeið. Námskeiðið verður haldið á Húsavík föstudaginn 22. apríl og laugardaginn 23. apríl. Á föstudeginum verður kennt frá 13:00 til 20:00 og á laugardegnum verður kennt frá 09:00 til 17:00. Félagsmenn greiða kr. 5.000,- og utanfélagsmenn kr. 20.000,-. Námslýsing: Á námskeiðinu er kynnt uppbygging innveggja og lofta. Farið í hljóð- og hitaaingrun. Kynntar eldvarnakerfður. Fjallað um votrymi, t.d. um frágang baðherbergja, þvottahúsa og eldhúsa. Kynntir kerfisveggir og kerfisloft. Kynnt eru ýmis

klæðingarefni til notkunar innanhús. Kennarar verða Jón Sigurjónsson og Hafsteinn Pálsson frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

Til greina kemur að niðurgreiða námskeiðin meira niður fyrir félagsmenn. Ákvörðun um það

verður tekinn þegar fyrir liggur með fjölda þátttakenda. Skráning og frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600. Skráning á Brunapéttinganámskeiðið er til 1. febrúar og skráning á Innanhússklæðinganámskeiðið er til 25. febrúar.

Grunnnámskeið í Exel

Grunnnámskeið í Exel sem vera átti fyrir áramót á vegum Menntasmiðju stéttarfélaganna verður haldið í febrúar. Um er að ræða 7 tíma námskeið fyrir byrjendur þar sem þátttakendur læra grunnatriði varðandi vinnu við Exel. Kennari verður Óskar Birgisson. Þátttökugjald er kr. 2.500,-. Félagsmenn eiga rétt á allt að 50% endurgreiðslu. Utanfélagsmenn greiða kr. 3.000,-. Skráning stendur yfir til 5. febrúar. Þeir sem skráðu sig í desember eru beðnir um að endurnýja sínar umsóknir.

Nám í ferðaþjónustu

Áhugavert fyrir fólk á öllum aldri

Ferðaþjónustuaðilar á Húsavík og nágrenni, Verkalýðsfélag Húsavíkur, Mímir-símenntun, Starfsmenntaráð og Starfsgreinasamband Íslands hafa ákveðið að bjóða upp á nýja námsleið fyrir fullorðna og unglinga sem vilja auka þekkingu sína. Námið er sérsniðið að þörfum starfsfólks sem starfar við ferðaþjónustu sem byggir ekki síst á lífríki sjávar. Námsleiðin hefur fengið nafnið "Fiskur og ferðaþjónusta".

Með þessari nýju námsleið verða Þingeyingar leiðandi í menntun starfsfólks í ferðaþjónustu. Námið er sérstaklega hentugt fyrir starfsfólk hótela og veitingastaða, gististaða, safna, hvalaskoðunarfyrirtækja, verslana, sundlauga, upplýsingamiðstöðva, tjaldsvæða, veiðifélaga, hópferðafyrirtækja og annarra þjónustuaðila í ferðaþjónustu. Rétt er að taka fram að námið er opið öllum þeim sem vilja. Ekki er reiknað með þátttökugjaldi þar sem um frumraun er um að ræða á Íslandi.

Námið Fiskur og ferðaþjónusta er 300 stundir og hefst 6. febrúar n.k. Kennt verður tvo morgna í viku, þriðjudaga og fimmtudaga í tvær annir og fer kennslan fram hjá Fræðslumiðstöð Þingeyinga. Kennt verður fram í maí. Námið heldur síðan áfram í haust og lýkur í desember 2005. Stefnt er að því að námið verði metið til 24 eininga í framhaldsskóla.

Meðal námsþátta sem teknir verða fyrir eru: Samskipti og siðferði, starfsemi fyrirtækja, lífríki sjávar og ferskvatns, þjónusta, framreiðsla í sal, tölvu- og upplýsingatækni, tjáning, fagenska, fagreikningur og skyndihjálp.

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður:

- Auki faglega þekkingu sína á ferðaþjónustu og færni til að eiga samskipti við innlenda og erlenda ferðamenn
 - Auki faglega þekkingu sína á lífríki sjávar og ferskvatns og nytjum auðlindanna
 - Auki þjónustuvitund og næmi á einstaklingsbundnar þarfir ferðamanna og getu til að svara þörfum þeirra
- Í kennslunni verður tekið mið af reynslu og þörfum fullorðinna námsmanna. Lögð er áhersla á námstækni. Í náminu eru ekki lögð fyrir formleg próf en mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og að framfarir hjá námsmönnum séu tryggðar.

Verður þú einn af frumkvöðlunum í fiski og ferðaþjónustu? Vertu með í skemmtilegu og fræðandi námi ekki síst þar sem spennandi tímar eru framundan í ferðaþjónustu á svæðinu.

Skráning og frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík í síma 464 6600. Skráningu lýkur 31. janúar 2005.

Sólarlandaferð fyrir félagsmenn

-umsóknarfrestur til 18. febrúar n.k.

Sólarlandaferð til Calpe

Í samvinnu við Sumarferðir (www.sumarferdir.is) bjóða stéttarfélögin (Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verslunarmannafélag Húsavíkur, Þingið, Verkalýðsfélag Öxarfjarðar og Verkalýðsfélag Þórshafnar) upp á sólarlandaferðir til bæjarins Calpe, sem staðsettur er um 20 km. fyrir norðan Benidorm og 60 km. fyrir norðan Alicante á Spáni. Um er að ræða gistingu í íbúðum á Amatista Apts – Calpe.

Boðið verður upp á 2ja vikna ferðir á eftirtöldum tímabilum: 26/5-9/6, 9/6-23/6, 23/6-7/7, 7/7-21/7, 21/7-4/8, 4/8-18/8, 18/8-1/9, 1/9-15/9 og 15/9-29/9.

Verð til félagsmanna er mjög hagstætt, sbr. eftirfarandi:



Verð miðast 2ja ára og eldri. Ungabörn greiða kr. 6.000. Staðfestingargjald er 50% af verði og uppgjör ferðar er a.m.k. mánuð fyrir brottför. Boðið er upp á greiðslukjör. Innifalið í verðinu eru ferðir, gisting, farastjórn og flugvallarskattar.

Ferðir til og frá flugvelli og forfallagjald eru ekki innifaldið því þessi gjöld eru valkvæð. Ferðir til og frá flugvelli kosta 15 evrur.

Boðið er upp á íbúð með einu eða tveim svefnherberjum. Í íbúðunum er eldhús með bakarofni

	Fjöldi í íbúð	Calpe	Hámark:
Íbúð með 2 svefnherb.	6	40600	
Íbúð með 2 svefnherb.	5	45600	3 fullorðnir og 3 börn
Íbúð með 2 svefnherb.	4	50800	eða 5 fullorðnir
Íbúð með 1 svefnherb.	4	45600	
Íbúð með 1 svefnherb.	3	48700	2 fullorðnir og 2 börn
Íbúð með 1 svefnherb.	2	62900	eða 3 fullorðnir

Innifalið í verði er flug, gisting og flugvallaskattar pr. einstakling í 2 vikur



og ísskáp, innangengt inni stofuna. Fullbúið baðherbergi, svalir með sjávarsýn og útsýni yfir sundlaugina. Svefnherbergin eru með hjónarúmi eða 2 x 90 cm. rúmum (1 eða 2 svona herb.). Svefnsófi í stofunni. Í stærri íbúðunum er einnig baðherbergi inn af hjónaherberginu.

Umsóknum um ferðirnar til Calpe skal skila fyrir 18. febrúar n.k. Umsóknir er hægt að fá hjá Skrifstofu stéttarfélaganna. Athugið að í boði er takmarkaður fjöldi íbúða.

Sumarhús og aðrir orlofskostir

-Áfram fjölbreytt framboð

Orlofsnefnd stéttarfélaganna hefur mótað þá stefnu að bjóða áfram gott framboð af sumarhúsum og gistiávisanir fyrir Hótel Eddu og farfuglaheimilin víðs vegar um land. Leiga fyrir orlofshús og verð á gistiávisunum verður áfram það sama, vikuleiga fyrir orlofshús verður kr. 12.500, gistiávisanir fyrir Hótel Eddu verða kr. 3.500 fyrir fjölskylduna og gisting á farfuglaheimilum mun kosta kr. 1.000 fyrir fullorðna.

Í sumar verður ekki boðið upp á felihiðsi og tjaldvagna því Agnar Kári Sævarsson hefur ákveðið að hætta rekstri tjaldvagnaleigu sinnar. Ástæða er til að þakka Agnari fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Á heimasíðu stéttarfélaganna (www.vh.is) munu félagsmenn geta nálgast upplýsingar og eyðublöð vegna sumarhúsanna. Jafnframt verða orlofsmálum gerð góð skil í næsta fréttabréfi.

Sjómenn – ekki missa af kjarabótum

- Samkvæmt nýgerðum kjarasamningum greiðir atvinnurekandi nú mótframlag til viðbótarlífeyrissparnaðar af öllum launum.
- Þeir sem nýta sér ekki þessi réttindi eru að missa af umsömdum kjarabótum.

Byrjaðu strax, það munar milljónum

Með því að hringja í síma 440 4000 getur þú gengið frá samningi eða fengið ráðgjöf um skynsamlegustu sparnaðarleiðirnar. Einnig er hægt að fara inn á www.isb.is og senda okkur umsókn.

Við tilkynnum launagreiðanda um samninginn.

Starfsfólk Íslandsbanka á Húsavík



Fjör á loðnuvöktum

Mikil vinna hefur verið við loðnufrystingu á Þórshöfn og frá því í desember hafa verið fryst um 1500 tonn hjá Hraðfrystistöð Þórshafnar.

Þegar svona vinnutörn stendur yfir er unnið á sólarhringsvöktum og skapast þá gjarnan sérstök stemming og mikill kraftur er á mannskapnum.

Um 170 tonn voru fryst á einum sólarhring í liðinni viku og var þá boðið upp á veislumat á vöktunum, lambalæri og tilheyrandi svo starfsfólkið var vel haldið.

Frystingin hefur gengið mjög vel, að sögn verkstjóra en um næst síðustu helgi (15-16/1) var skipað út um 1.000 tonnum af frystri loðnu



Hanna Sigfúsdóttir frá Hvammi, er vön að standa við loðnuvigtina þegar loðnufrysting stendur yfir

frá Hraðfrystistöðinni og Þorsteini ÞH og er það ein stærsta útskipun sem hér hefur verið.

Félagsmenn athugið!

Rétt er að benda þeim einstaklingum sem eru á vinnumarkaði og ekki hafa náð að greiða lágmarksgjaldið til stéttarfélaganna fyrir árið 2004 að gera það fyrir 15. febrúar ætli þeir að viðhalda réttindum í félögunum. Lágmarksgjaldið er kr. 6.000,-

Sjómenn fjölmenntu á aðalfund



Góð mæting var á aðalfund sjómannadeildar VH. Hér má sjá hluta fundarmanna.

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur var haldinn 28. desember í fundarsal félagsins. Fundurinn var mjög líflægur og þá var mæting á fundinn ein sú besta í mörg ár. Tæplega hundrað manns eru í Sjómannadeild VH. Stjórn deildarinnar var endurskiðin. Í henni

eru: Jakob Hjaltalín formaður, Pétur Helgi Pétursson v.formaður, Stefán Hallgrímsson ritari og meðstjórnendur eru Björn Viðar og Haukur Hauksson.



Auglýsing um stjórnarkjör fyrir starfsárið 2005 til 2006 og framboðsfrest hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar.

Aðalstjórn:

Kristín Kristjánsdóttir formaður
Kristinn Lárusson varaformaður
Hulda I.Einarsdóttir ritari
Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri
Sigfús Kristjánsson meðstjórnandi
Til vara:
Svala Sævarsdóttir
Kristín Alfreðsdóttir
Þórður Úlfarsson
Þórarinn Þórisson
Guðrún Stefánsdóttir

Vinnustaður:

Verkalýðsfélag Þórshafnar
Ístak hf.
Dvalarheimilið Naust
Leikskólinn Barnaból
Geir ÞH150
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Húsmóðir
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Sjúkrasjóður:

Kristín Kristjánsdóttir
Líney Sigurðardóttir
Kristján Gunnarsson
Til vara:
Kristinn Lárusson
Svala Sævarsdóttir

Verkalýðsfélag Þórshafnar
Grunnskólinn á Þórshöfn
Grunnskólinn á Þórshöfn
Ístak hf.
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Trúnaðarráð:

(stjórn, varastjórn, 5 menn og 5 til vara)

Dóra Leósdóttir
Kristján Gunnarsson
Axel Gunnarsson
Svanur Snæþórsson
Björg Þóroddsdóttir
Til vara:
Guðjón Gamalíelsson
Kristín Óladóttir
Sigurborg Hulda Sigurðardóttir
Lilja Ólafsdóttir
Margrét Nielsdóttir

Húsmóðir
Grunnskólinn á Þórshöfn
Samskip/Landflutningar
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Dvalarheimilið Naust
Trésmiðjan Brú
Húsmóðir
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Húsmóðir
Lónið

Kjörstjórn:

Halldór Alfreðsson
Dagbjört Aradóttir
Til vara:
Aðalbjörg Jónasdóttir
Niels Þóroddsson

Fles ehf
Þórshafnarhreppur

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Orlofsjóður:

Stjórn Verkalýðsfélagsins hverju sinni.

Félagskjörnir endurskoðendur:

Jóhanna Helgadóttir
Elfa Benediktisdóttir
Til vara:
Sólveig Óladóttir

Þórshafnarhreppur.
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingatillögum um félagi í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu eða þá einstaka stjórn. Breytingatillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 15 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 25 fullgildra félagsmanna. Gefin er frestur til 15. febrúar n.k. til að skila inn nýjum tillögum. Þeim skal skilað til skrifstofu félagsins á Þórshöfn. Allar tillögur sem berast skulu merktar eftir starfrófsröð í þeirri röð sem þær berast inn. Á tímabilinu 1. apríl til 1. maí skal kjörstjórn félagsins efna til allsherjaratkvæðagreiðslu og eða póstatkvæðagreiðslu samkvæmt lögum ASÍ þar að lútandi komi fram aðrar tillögur frá félagsmönnum fyrir 15. febrúar 2005.

Þórshöfn 17. janúar 2005
Stjórn Verkalýðsfélags Þórshafnar

Minning

Árni Guðmundur Jónsson fæddist á Öndólfstöðum í Reykjadal 10. nóvember 1933. Hann lést á heimili sínu á Húsavík 18. desember síðastliðinn. Foreldrar hans voru Jón Stefánsson og Þórveig Kristín Árnadóttir. Árni var jarðsönginn frá Húsavíkurkirkju miðvikudaginn 29. desember 2004 að viðstöddu miklu fjölmenni.



Fljótlega eftir að hann kom til Húsavíkur gaf hann kost á sér til starfa í trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélags Húsavíkur sem hann sat í til ársins 2004. Í trúnaðarmannaráði sitja 28 einstaklingar frá mismunandi vinnu-

stöðum sem veita félaginu forystu á hverjum tíma. Einnig kusu starfsmenn Norðlenska á Húsavík hann trúnaðarmann starfsmanna og gegndi hann þeim störfum um árabíl. Árni tók hlutverk trúnaðarmannsins mjög alvarlega og lagði mikið á sig til að tryggja rétt starfsmanna og uppfæra þá um rétt sinn og skyldur. Þá lagði hann áherslu á að verkalýðsfélagið væri sýnilegt og formaður þess kæmi reglulega á vinnustaðinn. Það var bæði ánægjulegt og fræðandi að starfa með Árna. Fundirnir í trúnaðarmannaráði voru alltaf töluvert lengri ef Árni mætti enda var hann duglegur að taka til máls og tjá mönnum skoðanir sínar á fyrirbyggjandi málefnum. Hann átti það líka til að mæta á skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík og gagnrýna forystu verkalýðshreyfingarinnar fyrir linkind í kjarasamningum bæði gagnvart atvinnurekendum og ekki síður stjórnvöldum. Árni var ekki bara gagnrýninn, hann kom ekki síður til að þakka félaginu fyrir ýmislegt sem það beitti sér fyrir enda var hann meðvitaður um mikilvægi stéttarféлага í þágu verkafólks. Það er list að tjá skoðanir sínar svo tekið sé mark á þeim. Það á bæði við, þegar menn gagnrýna og ekki síður þegar menn þakka það sem vel er gert. Þetta kunni Árni G. Jónsson enda var hann listamaður af guðs náð. Hann gat ort, málað, smíðað, sungið og miðlað málum ef svo bar undir. Þessa hæfileika láta flestir sig dreyma um, þessir hæfileikar voru meðfæddir Árna G. Jónssyni.

Leiðir okkar Árna lágu saman fyrir nokkrum árum þegar hann fór að mæta á fundi í Verkalýðsfélagi Húsavíkur. Strax í upphafi mátti greina að Árni hafði skoðanir á flestum hlutum og lá hann ekki á þeim. Hann hafði skoðanir á stjórn-málamönnum, verkalýðsforingjum, atvinnurekendum og ekki síst á kjörum verkafólks enda vann hann verkamannastörf eftir að hann flutti til Húsavíkur frá Öndólfstöðum í Reykjadal árið 1992. Á Öndólfstöðum stundaði hann búskap auk þess sem hann rak ásamt föður sínum trésmíðaverkstæðið Kögur enda var Árni góður smiður.

Með Árna er gengin góður maður sem skilur eftir sig djúp för í frjóum jarðvegi sem hann plægði og sáði í á lífsleiðinni. Það verður okkar að uppskera og sá á ný í minningu Árna G. Jónssonar frá Öndólfstöðum. Að lokum vil ég votta þorgerði og fjölskyldu alla samúð mína um leið og ég þakka Árna fyrir hönd Verkalýðsfélags Húsavíkur fyrir framlag hans í þágu félagsins og þess fólks sem myndar félagið á hverjum tíma.

Áðalsteinn Á. Baldursson
Form. Verkalýðsfélags Húsavíkur

Auglýsing um stjórnarkjör fyrir starfsárið 2005 til 2006 og framboðsfrest hjá Verkalýðsfélagi Húsavíkur.

ÁÐALSTJÓRN:

Áðalsteinn Árni Baldursson formaður
Kristbjörg Sigurðardóttir v.formaður
Sólveig Sveinbjörnsdóttir ritari
Jakob G. Hjaltalín gjaldkeri
Svava Árnadóttir meðstjórnandi
Torfi Áðalsteinsson meðstjórnandi
Sigrún Arngrímsdóttir meðstjórnandi

Vinnustaður:

Skrifstofa stéttarfélaganna
Sambýlið Pálsгарði
Vísir hf.
Norðlenska
Sildarvinnslan hf.
Íshaf hf.
Nemi

VARASTJÓRN:

Áðalsteinn Óskarsson
Haukur Hauksson
Eyrún Guðmundsdóttir
María Jónsdóttir
Áðalsteinn Gíslason

Íshaf hf.
Barmur ehf.
Sildarvinnslan hf.
Leikskólinn Bestibær
Búbót

TRÚNAÐARMANNARÁÐ:

Sigríður K. Gunnlaugsdóttir
Haukur Tryggvason
Lilja Guðlaugsdóttir
Agnes Einarsdóttir
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
Katrín Sigtryggsdóttir
Marzenna K. Cybulska
Þórir Stefánsson
S. Páll Helgason
Þráinn Þráinsson
Einar Friðbergsson
Sesselja Fornadóttir
Guðný Grímsdóttir
Dómhildur Antonsdóttir

Hvammur heimili aldraðra
Kirkjugarðsvörður
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Kísilöðjan hf.
Vísir hf.
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Nemi
Vegagerð ríkisins
PGF-Fiskverkun
Vísir hf.
Borgarhólskóli
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Laugafiskur hf.
Borgarhólskóli

Fræðslusjóður:

Lilja Guðlaugsdóttir
Katrín Sigtryggsdóttir
María Jónsdóttir
Varamenn:
Áðalsteinn Gíslason
Agnes Einarsdóttir

Orlofsnefnd:

Inga G. Sumarliðadóttir
Örn Jensson
Sigríður Gunnlaugsdóttir
Varamenn:
Þráinn Þráinsson
Sólveig Sveinbjörnsdóttir
Laganefnd:
Ósk Þorkelsdóttir
Torfi Áðalsteinsson
Sigrún Arngrímsdóttir

Sjúkrasjóðsstjórn:

Áðalsteinn Á. Baldursson
Dómhildur Antonsdóttir
Haukur Tryggvason
Varamenn:
Kristbjörg Sigurðardóttir
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
Agnes Einarsdóttir
Vinnuðeildusjóður:
Kristbjörg Sigurðardóttir
Þráinn Þráinsson
Jakob Hjaltalín
Varamenn:
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
Áðalsteinn Óskarsson

Skoðunarmenn reikninga:

Dómhildur Antonsdóttir
Pétur H. Pétursson
Varamaður:
Jóhanna Hallsdóttir

Kjörstjórn:

Sveinn Pálsson
Þórður Adamsson
Varamenn:
Svala Björgvinsdóttir
Haukur Tryggvason

1. maínefnd stéttarfélaganna S-Þing.

Fulltrúar félagsins: Aðalmaður, Ósk Þorkelsdóttir
Varamaður, Áðalsteinn Gíslason


Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingatillögum um félagi á einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan félaga í trúnaðarstöður fyrir næsta starfsár. Breytingatillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 25 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 50 fullgildra félagsmanna. Skyrt er að koma breytingartillögum til skrifstofu félagsins Garðarsbraut 26, Húsavík fyrir 15. febrúar 2005. Kosningar fara fram í samræmi við reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Húsavík 23. janúar 2005

Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur

Frábær 6 ár

Aldrei neikvæð ávöxtun



Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggimar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og á fyrstu 6 árum deildarinnar eða til ársloka 2004, var raunhækkun á Safni I 62,4% og 73,9% á Safni II. Þetta eru hækkunar sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkunar á þessum 72 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun **hefur aldrei orðið neikvæð** á þessum tíma. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarspamaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.

 **LÍFEYRISSJÓÐUR
NORÐURLANDS**
- þar sem framtíðin vex!

Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Helmasíða: www.ln.is

www.ln.is